

**GJALDSKRÁ****um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1993.**

## 1. gr.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta sorphirðugjald kr. 2 800, vegna förgunar neysluúrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu fyrir árið 1993.

## 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Umhverfisstjórnuneytið, 21. desember 1992.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**GJALDSKRÁ****um sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1993.**

## 1. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) fyrir árið 1993.

## 2. gr.

Gjaldið, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum.

- |  |                              |
|--|------------------------------|
| a) Íbúðir í þéttbýli . . . . .                 | kr. 6 700                    |
| b) Íbúðir í dreifbýli . . . . .                | kr. 3 350                    |
| c) Sumarhús . . . . .                          | kr. 2 500                    |
| d) Fyrirtæki sem losað er frá . . . . .        | kr. 6 700 (einn poki á viku) |
| e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald . . . . . | kr. 25 000                   |

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Umhverfisstjórnuneytið, 21. desember 1992.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*